

Mál nr. 111/2018

**M og
V vegna fasteignatryggingar.**

Ágreiningur um bótaskyldu.

Gögn.

Málskot, dags. 28.03.2018 ásamt fylgigögnum.

Bréf V, vátryggingafélags, dags. 18.04.2018 ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Þakkantur á fasteign í eigu M gaf sig og brotnaði undan miklum snjóþunga 26. febrúar 2017. M krafðist bóta á grundvelli fasteignatryggingar hjá V.

V samþykkti bótaskyldu vegna þakkkants á framhlið húss en hafnaði tjóni á öllum öðrum hliðum hússins með vísun til þess að frágangur þakkkantsins hafi verið haldin verulegum göllum.

Álit.

Í 8. gr. skilmála fasteignatryggingarinnar kemur fram að vátyggingin bæti tjón á vátryggðri húseign sem er afleiðing af skyndilegum snjóþunga sem sligað hefur þak eða vegg hennar. Í þessu máli gaf þakkkantur sig vegna mikils snjóþunga. Ekki er sannað að frágangur þakkkantsins hafi verið gallaður og ber V því bótaskyldu vegna tjóns á þakkantinum.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr fasteignatryggingu hjá V.

Reykjavík, 22. maí 2018.

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.